



Alþingi
Erindi nr. P 123/163
komudagur 16.11.'98 SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

ALÞINGI ÍSLENDINGA
Nefndarsvið
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

16.11.98

TILVÍSUN

SEP/sks/1437/98

Áður sent sem fax

Efni bréfs: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Viðtakandi: Allsherjarnefnd Alþingis.

Til embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum með síðari breytingum og varðar refsíabyrgð lögaðila. Af því tilefni sendist Alþingi svohljóðandi:

u m s ö g n

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar er skýrt sett fram, aðgengilegt og fellur ágætlega að stofnlögum þeim sem lögð er til breyting á. Ákvæðum þeim sem hér eru til umfjöllunar er búinn staður í nýjum kafla. Hugsanlega kann það að vera álitamál hvar þeim kafla var fundinn staður í stofnlögunum, en taka verður tillit til að þau gerðu ekki ráð fyrir breytingum af því tagi sem hér eru til umfjöllunar. Ég er þó þeirrar skoðunar að sennilega sé ákvæðunum best fyrir komið á eftir kafla II eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Sé litið til sögulegrar þróunar er að finna ábendingu í skýrslu nefndar sem kannaði skattsvik hérlendis á árunum 1984-1986 um að ákvæði skorti í bókhaldslög um hlutræna refsíabyrgð lögaðila. Sömmuleiðis var hvatt til þess í skýrslu nefndar sem kannaði umfang skattsvika á árunum 1992-1993 að lögfest yrði refsíabyrgð lögaðila.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar bætir úr þessum skorti í almennri löggjöf og er ákvæðunum fundinn staður í almennum hegningarlögum. Í því sambandi er þess að geta að þegar eru til staðar ákvæði í ýmsum skattalögum svo sem í 107. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með áorðnum breytingum og í 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, þar sem heimild er til að gera lögaðila fésekt eins og orðalagið er í 107 gr. laga nr. 75/1981. Þau ákvæði eru þó ekki




jafn ítarleg og fyrirliggjandi frumvarp og varða einvörðungu brot á skattalögum. Komi til þess að ákvæði þessi, þ.e. eldri löggjöf í sérrefsilagaákvæðum og yngri löggjöf, almenn ákvæði í almennum hegningarlögum, skarist þarf að skýra þau saman og í samræmi. Verður að ætla að sérrefsilagaákvæðin tæmi sök við skattalagabrot, enda verði að líta svo á að ákvæði almennrar hegningarlaga um refsíabyrgð lögaðila sé grunnlöggjöf, er víki fyrir sérrefsíákvæðum sé þau að finna. Í athugasemdum með frumvarpinu er bent á að tilhneiging hafi verið til þess á undanförunum árum að efla þessa tilhögun ábyrgðar í refsilöggjöf. Þannig skapast að einhverju leyti varnaðaráhrif. Það er þó rétt að gera sér grein fyrir því að þau má ekki ofmeta í þessu sambandi, enda verður að ætla að það skipti fyrirvarsmann lögaðila engu máli hvort lögaðilinn sé dæmdur í refsíabyrgð eftir sérrefsilögum eða samkvæmt almennum hegningarlögum.

Almennt séð þarf að hafa við lögfestingu refsilöggjafar í huga hver sé staða sökunautar og hvort hún sé ekki nægjanlega tryggð. Þar ber að taka tillit til þeirra grundvallarreglu að sérhvern vafa í máli ber að skýra sökunaut í hag. Ekki verður annað séð af frumvarpinu að þar sé farið mjög rækilega yfir þennan þátt. Er í því efni sérstaklega bent á athugasemdir með ákvæði 1. gr. frumvarpsins, einkum þess sem segir um c-lið ákvæðisins.

Breytingar þær sem frumvarpið gerir ráð fyrir á 1. mgr. 51. og 52. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum, eru eðlilegar og fyrrgreindum ákvæðum til fyllingar frá því sem verið hefur.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að lögfesting þessara ákvæða verði almenn réttarbót og líkleg til að hafa einhver varnaðaráhrif. Ákvæði frumvarpsins eru í heild sinni hnitmiðuð, gætt er að þolendum ákvæðisins eftir því sem við getur átt og ákvæðin eru í samræmi við þróun refsiréttarlöggjafar á síðari árum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,


Skúli Eggert Þórðarson
skattrannsóknarstjóri ríkisins